

## SAGA FYRIR SKÓLADRENGI.

Eftir *Mark Twain*.

Þegar Mark Twain kom síðast til hinna fornu heimkynna sinna, bæjarins Hannibal í Missouri, á hann að hafa sagt skólabörnunum þar sanna sögu um skóladreng einn.

Eg ætla að segja ykkur sögu um skóladreng — segir hann. Drengur þessi vaknaði einn morgun fár-veikur. Hann veinaði svo, að fólk varð hrætt. Óðar var sent eftir lækni. Og hann kom að vörmu spori á hendings kasti inn í herbergið til sjúklingsins. „Hvað er að?“—spyr hann. — „Mér er ilt í síð-ummi“—segir drengur. „En í höfðinu?“—„Já!“—segir hann. — „Er ekki hægri höndin á þér stíð?“ — „Ofurlítið.“ — „En hvernig er hægri fóturinn?“ — „Hann er líka stíður.“

Læknirinn deplar augunum framan í móður hans. Segir svo: „Jæja, drengur minn! Þú ert býsna-veikur. En á mánu- daginn geturðu aftur farið í skólann. En, eftir á að hyggja, í dag er laugardagur, og—“

„Er laugardagur í dag?“—segir drengur í gremju-róm. „Eg hélt það væri föstudagur.“

Að hálfri stundu liðinni sagðist drengur vera orðinn frískur og fór á fætur. En þá var ekki beðið með að senda hann í skólann, því raunar var það föstudagur.

---

*Prentvilla leiðrétt.* — Í sálminum í síðasta blaði „Barnanna“, seinasta versu, stendur: „Eg traust og líf þitt er“, en á að vera: „Eg traust og líf þitt sé“.

---

„*Sameiningin*“ kemr út mánaðarlega. Hvert númer tvær arkir heilar. Verð einn dollar um árið. Skrifstofa 118 Emily St., Winnipeg, Canada. „*Börnin*“—barnablaðið nýja—er sérstök deild í „Sam.“, hálf örk. *Address* ritstjóra „Barnanna“: Selkirk, Man. — „*Börnin*“ koma og út sérstaklega—og eru seld fyrir 35 ct.

---

Hr. *Sigrbjörn A. Gíslason* í Reykjavík er aðal-umboðsmaður „Sam.“ á Íslandi.

---

Hr. *Jón J. Vopni* er féhirðir og ráðsmaður „Sam.“ og „Barnanna“.

*Address:* Sameiningin, P. O. Box 689, Winnipeg, Man.  
Canada.